



VÍSBENDING

VIÐSKIPTI · EFNAHAGSMÁL · NÝSKÖPUN



Einkaþota Trumps á Grænlandi þegar sonur hans mætti til Nuuk í upphafi árs. MYND: AFP

Hagfræði, kapítalismi og lýðræði

Jónas Guðmundsson
hagfræðingur



Tvö stór nöfn í alþjóðlegri umræðu um hagfræði og efnahagsmál, Angus Deaton, prófessor og nóbelsverðlaunahafi árið 2015 í hagfræði¹, og Martin Wolf, efnahagslegur ritstjóri hjá Financial Times í áráraðir og handhafi alþjóðlegra verðlauna árið 2012 fyrir blaðaskrif um efnahagsmál², gáfu nýlega út merkar yfirlitsbækur um þróun hagfræðinnar, efnahagsþróun á Vesturlöndum, stöðu kapitalismans og hins frjálslynda lýðræðis. Þó still þeirra, nálgun og áherslur séu ólíkar þá komast þeir í skrifum sínum að ótrúlega líkum niðurstöðum – sem vekja áhyggjur um framtíð helstu efnahagskerfa heimsins og kalla eftir endurmati fræðimanna, stjórnmálamanna og áhugafólks.

Báðir höfundarnir eru með breskan uppruna en hafa dvalið langdvölum í Bandaríkjunum; þeir fjalla fyrst og fremst um stöðuna þar, með augum aðkomumannsins – titill bókar Deatons er „Hagfræði í Ameríku. Aðfluttur hagfræðingur rannsakar land ójafnaðarins“. Foreldrar Wolf voru flóttamenn frá Evrópu fasismans fyrir seinna stríð og hann gerir þeim þjóðfélagsbreytingum sem braut fasismanum leið á sínum tíma skil; hann sér ýmis einkenni á Vesturlöndum, s.s. veikingu millistétt-

arinnar, söfnun auðs og valda hinna ofurríku, sem einmitt gætu leitt til klofnings og harðstjórnar meðal vestrænna samfélaga á næstu árum. Báðir benda þeir á að réttlæti hafi bedið lægri hlut sem leiðarljós í þróun hagfræðinnar og mótun efnahagsstefnu á síðustu áratugum – afleiðingin hafi orðið rýrnun og stöðnun lífskjara almennings, ójafnvægi í samfélögum, kreppur í efnahags- og fjármálalífi, og vaxandi misnotkun ríka minnihlutans á efnaminni meirihlutanum, sem um leið hafi misst trú á lýðræðið og sé tilbúnari en áður til að greiða harðstjórnaröflum leiðina að ríkisvaldi.

Velmegun, réttlæti og skilvirkni
Deaton minnir á að velmegun almennings hafi frá upphafi verið leiðarstef og árangursviðmið hagfræðinnar. Adam Smith taldi hagfræðinga fyrst og fremst eiga að einbeita sér að og færa rök fyrir „mannúðlegu mati á félagslegri vellíðan fólks“. Viðfangsefni hagfræðinnar hafi hins vegar verið þrengt í seinni tíð, eins og hin vinsæla skilgreining Lionel Robbins um „ráðstöfun takmarkaðra gæða á milli ólíkra markmiða“ beri vitni um. Um leið hafi verið reynt að færa hagfræðina nær raunvísindum, með stærðfræði og haglíkönum, sem byggðu gjarnan á veikum undirstöðum og tilbúnum forsendum; áhugi hagfræðinga í lok 20. aldar beindist að markaðslausnum og áhættusömum fjármálagerningum. Um leið misstu margir hagfræðingar sjónar af grundvallarkeppi-keflinu að vinna gegn „andstyggilegum og

gleðisnauðum aðstæðum fólks“, fátækt og skorti, segir Deaton og undirstrikar að mælingar geta aldrei verið né ættu að vera aftengdar gildismati.

Hann rifjar upp skilgreiningu John Maynard Keynes á stjórnmálalegum vandamálum mannkynsins: að tengja saman þrjá þætti; efnahagslega skilvirkni, félagslegt réttlæti og sjálfsávarðanafrelsi einstaklinga. Hagfræðingar hafi fórnað einstaklingsfrelsi og réttlæti á altari skilvirkinnar. „Fólk er svipt frelsi með fátækt, skorti og bágrir heilsu“, segir Deaton, „sem hefur lengi verið almennt hlutskipti mannkynsins, og svívirðilega stórs hluta íbúa jarðar nú á dögum“. Frelsið er í hans skilningi „frelsi til að lifa góðu lífi og gera hluti sem gera lífið þess virði að lifa því“ – ekki frelsi fyrirtækja til að gera hvað sem er á markaði.

Hagfræði og stjórnmál
Hvaða árangri hafa breyttar áherslur og aðferðir hagfræðinnar skilað? Þeir Deaton og Wolf rifja báðir upp eftirminnilega heimsókn Elísabetar Englandsdrottningar í London School of Economics í kjölfar fjármálahrunsins 2008: „Hvernig stendur á því að enginn tók eftir því sem var að gerast?“ spurði drottningin. Hún fékk veikburða svör, enda kom fjármálakreppan flestum hagfræðingum, jafnvel innan alþjóðastofnana, á óvart. Hagfræðingum er jafnvel kennt um hrunið; Wolf segir þá hafa hvatt til háskalegrar hegðunar banka og atvinnulífs. Fjármálahrunið olli

gríðarlegu efnahagslegu tjóni³ fyrirtækja og einstaklinga, auk sálfræðilegs álags og reiði meðal almennings; efnahagskerfum Vesturlanda var aðeins bjargað frá alþjóni með miklum fjárútlátum stjórnvalda og þungum byrðum á almenning víða um lönd; hrunið hafi skilið eftir sig djúpt óöryggi meðal almennings og orðið fólki sönnun þess að elítan sjái um sig en ekki aðra. Deaton segir hina ríku sem áttu sök á fjármálahruninu hafa sloppið undan með milljónir dollara og aldrei verið refsað, þó margt venjulegt fólk missti störf og heimili. „Þjóðsagan um að það kæmi öllum til góða og ýtti undir hagvöxtinn að leyfa fjármálaspekúlöntum að verða ríkir var afhjúpuð í fjármálakreppunni“, segir Deaton. „Brutu hagfræðingar hagkerfið?“ spyr hann. „Má skrifa efnahagslegt strand á reikning hagfræðinnar?“ Enn sé engin efnisleg samstaða um svörin um helstu álitamál innan fræðigreinarinnar.

Hagfræði og stjórnmál tvinnast náið saman í kreppum, en tengslin urðu nánari en áður fyrir hálfri öld þegar nýfrjáls-hyggjuhagfræðingum á borð við Friedman og Stigler tókst að sannfæra stjórnvöld í Bandaríkjunum og Bretlandi um að leiðin til vaxandi auðlegðar væri að gefa mörkuðum lausari tauminn og takmarka hlutverk hins opinbera. Alþjóðavæðingin, afnám aðskilnaðar fjárfestingabanka og hefðbundinnar bankastarfsemi og ýmislegt fleira fylgdi í kjölfarið. Deaton gagnrýnir markaðshyggjuna og segir Chicago-skólan hafa:



„skilið hagfræðinga eftir með of lítið tillit til galla markaðarins, hvað þeir geta gert og hvað ekki. Það á ekki að versla með alla hluti. Hagfræðingastéttin keypti of auðveldlega hugmyndina um að peningar væru allt og allt ætti að mæla með peningum. Heimspekingar hafa aldrei samþykkt að peningar væru eini mælikvarðinn á vörur eða einungis einstaklingar skiptu máli en samfélög gerðu það ekki. Hagfræðingar hafa eytt of litlum tíma í að hlusta á þá“.

Þeir Wolf og Deaton benda báðir á að óhemjuháum fjármunum sé sóað í verslun sem markaðurinn ræður ekki við, s.s. með heilbrigðisþjónustu; Bandaríkjamenn greiði billjón (10¹² ; sem er meira en öll hernaðarútgjöldin) dollara meira árlega fyrir sína einkareknu heilbrigðisþjónustu en þeir gerðu ef þeir væru með svissneska heilbrigðiskerfið, sem þó er eitt dýrasta kerfi Evrópu; Svisslendingar hafi að auki 5 árum lengri lífslíkur.

Wolf átti sæti í bresku rannsóknarnefndinni um bankahrunið og segir það hafa varpað ljósi á óskilvirkni markaða, áhættusækni fjármálafyrirtækja, spákaupmennsku í þágu sérhagsmuna, og gríðarlega spillingu í fjármálastofnunum og stórfyrirtækjum. Hann varð í kjölfar hrunsins fráhverfur nýfrjáls-hyggjuhugmyndum, en hallaði sér aftur að keynesískri hagfræði.

Ójöfnuður og rentusókn


Minnkandi áhersla á réttlæti í fræðilegri umfjöllun, krepputjón og samþjöppun á mörkuðum, hafa ýtt undir ójöfnuð, sem höfundarnir tveir telja helstu ógnun við efnahags- og samfélagsgerð Vesturlanda. „Vaxandi ójöfnuður, sem studdur er af nýfrjálshyggjukerfinu, er mest aðkallandi ógn við borgaralegt samfélag“ samtímans, segir Deaton. Hvergi er ójöfnuðurinn meiri en í Bandaríkjunum: tekjuhæstu 10% Bandaríkjamanna fá nærri helming teknanna; tekjulægstu 50% þjóðarinnar fá aðeins 14% í sinn hlut; auðugasta 1% landsmanna á meiri eignir en lægstu 90%. Stærri og stærri hluti þjóðartekna í flestum ríkjum Vesturlanda eru fjármagnstekjur en ekki launatekjur; örfá prósent íbúafjöldans fá megnið af hagvextinum í vasann. Miðgildi launa fólks sem ekki hefur háskóla-menntun hafa verið á niðurleið frá því um 1970 samkvæmt Deaton. OECD staðfestir að ójöfnuðurinn hafi aldrei verið meiri á síðustu hálfri öld.

Þeir græða jafnvel mest sem ekki taka beinan þátt í verðmætasköpun, heldur njóta renta (upphaflega eins og landrenta, en nú í víðari skilningi, s.s. auðlindarenta, einokunarrenta o.s.frv.) með ýmsu móti. Rentusóknin á sér stað í skjóli aðstöðu, valds, forréttinda, sérleyfa, einkaleyfa og aðgangi að auðlindum. Vald og áhrif skila rentum bæði innan og utan fyrirtækja. Wolf bendir á að í bandarískum stórfyrirtækjum hafi laun forstjóra farið úr að vera 42 sinnum meðallaun í fyrirtækinu árið 1980 í það að verða 347 sinnum hærri árið 2016. „Vöxtur rentukapítalismans er vandamál“ segir Wolf, „þar sem lítill hluti íbúanna hefur náð að eigna sér rentur frá efnahagslífinu og notar auðlindir sínar til að stýra stjórnmála- og jafnvel dómskerfi, sérstaklega í Bandaríkjunum, mikilvægasta merkisbera lýðræðisins“. Hinir ríku hafi „yfirgnæfandi“ áhrif á lagasetningu – þeir ættu hins vegar alls ekki að koma nálægt stjórn landsins.

Gallinn er, segir Deaton að „kapítalisminn elur ekki af sér jöfnuð“; eins og hann er framkvæmdur nú um stundir þá þjónar hann aðeins minnihlutanum en „ræmir meirihlutan“.



Angus Deaton



Martin Wolf

Kapítalismismi og lýðræði

Geta lýðræði og kapítalismismi lifað og blómstrað saman? Það gerðu þau reyndar í mörgum löndum í nokkra áratugi eftir stríð. Höfundarnir fjalla báðir um togstreituna á milli þessara kerfa, sem byggð eru á ólíkum grunni, og hafa þeir áhyggjur af því að ekki ríki nægilegt jafnræði á milli þeirra. Wolf vekur athygli á greiningu Aristótelesar á lýðræðinu í Aþenu fyrir 2300 árum; hann skipti þegnumum í þrjá hópa, í efsta laginu væru þeir ríku og valdamiklu, sem réðu því sem þeir vildu ráða, græddu ekki á lýðræðinu og hlýddu illa lögum og reglum. Þeir sem væru neðst í þjóðfélagsstiganum væru undirgefnir og teldu sig ekki hafa nein áhrif. Í miðjunni væri hins vegar hópurinn sem fyndust þeir eiga mest undir lýðræðinu – og legðu mikið í sölnurnar fyrir að falla ekki í neðsta hópinn. Þessa greiningu mætti yfirfæra á hin ríku lýðræðisríki nútímans; enn fækkaði stöðugt í millihópunum með falli niður á við vegna þröngra kjara og rýrnandi þjóðfélagsstöðu. Wolf segir að einmitt slík „útholun“ millistéttarinnar sé í gangi í ríku löndunum. „Lýðræðið er ekki glatað, en það er í lífshættu“. Raunverulegum styðjendum lýðræðisins fari þar því fækkaði. Hann gerir ekki ráð fyrir að Bandaríkin verði lýðræðisríki í lok þessa áratugar.

Er hægt að finna jafnvægi á milli lýðræðis og kapítalismisma? Deaton segist ekki vita það. Wolf segir að mikið sé til vinnandi að það finnist; sambýli þessara kerfa hafi verið lykili að vexti og ríkidæmi margra landa og hnignun lýðræðisins hafi oft leitt hörmungar yfir þjóðirnar. Báðir segja að jafnvægið hafi að undanförnu raskast; hvorugt geti án hins verið; á fjórða áratug 20. aldar hvarf lýðræðið í stórum hluta Evrópu, og stórfyrirtæki veittu litla mótstöðu gegn því – áttu þvert á móti hlut að uppgangi fasismans. Ójöfnuðurinn „dregur úr getu almúgans til að finnast hann vera hluti af hinu sameiginlega stjórnmálalega verkefni þjóðarinnar“ segir Wolf; ójöfnuðurinn ýti undir ööryggi, hægir á hagvexti og leiði til fjármálakreppa, sem dragi úr trausti á elítuhópum. Glötun lýðræðisins leiði til harðstjórnar, spillingar og sjálfskömmtunar. Hann leggur til að lýðræðið verði efti með áherslum sem Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti mótaði að mestu leyti árið 1941 og byggist á eftirfarandi atriðum:

- A. Vaxandi lífskjör, hagvöxtur skiptist á sanngjarnan hátt.
- B. Góð störf fyrir þá sem geta unnið og eru tilbúnir til þess;
- C. Jöfn tækifæri íbúa.
- D. Öryggi fyrir þá sem þurfa á því að halda.
- E. Afnám forréttinda hinna fáu.

Wolf tekur þetta saman í þrjú orð: Tækifæri, öryggi og virðingu.

Athyglisvert er að báðir þessir merku höfundar, Deaton og Wolf, sem hér hefur verið fjallað um – líta til Norðurlandanna sem fyrirmýnda fyrir samheldin og sanngjörn þjóðfélög. En Norðurlöndin virðast því miður vera efnahagslega á sömu vegferð og Bandaríkin og önnur rík Vesturlönd, þó í minna mæli sé enn sem komið er. ☹

Greinin birtist fyrst í **Vísbandingu** 31. janúar 2025 / 4. tbl. 43. árg.

Tilvísanir

- Angus Deaton, 2023, *Economics in America. An Immigrant Economist Explores the Land and Inequality*, Princeton University Press.
- Martin Wolf, 2023, *The Crisis of Democratic Capitalism*, Penguin Press.
- Kostaði almenning í Bandaríkjunum 13 milljarða dollara og gerði 6 milljónir atvinnulausa.



Hvert stefnir Rússland?

Áramótin eru móðir allra frídaga í Rússlandi. Þá fagna Rússar nýju ári og njóta vikulangrar fríviku, fram að jólum rétttrúnaðarkirkjunnar, 7. janúar. En um leið og Rússar búa sig undir að hafa það náðugt og splæsa í notalegt áramótafrí eru blikur á lofti í efnahag landsins og afkomu fjölskyldna. Rúblan er í frjálsum falli og þar með snarhækkar verð á innfluttum vörum og innlent matvælaaverð hefur einnig hækkað, knúði áfram af verðbólgu, truflunum á aðfangakeðjum og lamandi áhrifum refsiaðgerða á framleiðslu. Landið stendur frammi fyrir hruni í efnahagslegu tilliti nú þegar stríðsreksturinn í Úkraínu er að komast inn á sitt fjórða ár.

Viðvörunarljósin blikka víða og venjulegir Rússar þurfa að herða ólarnar við undirleik óðaverðbólgu, svimandi hárra stýrivaxta og hriðfallandi gengis rúblunnar. Er nú svo komið að stjórnvöld í Kreml velta því fyrir sér að taka upp sérstök **matarkort** fyrir tekjulægstu hópa samfélagsins.

Síhækkandi stýrivextir

Hlutverk Seðlabanka Rússlands er ekki öfundsvert við þessar aðstæður sem keppist við að koma á stöðugleika í hagkerfinu með vaxtahækkunum og gjaldeyrissinngrípum. Seðlabankastjórinn, Elvíra Nabíúllína, hefur stýrt Rússlandi í gegnum nokkrar efnahagskreppur síðan hún tók við því hlutverki árið 2013 og hún nýtur almennt mikils trausts og álíts meðal valdhafa í Moskvu og víðar. Reyndar voru sögusagnir um að hún hefði óskað eftir lausn frá embætti í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu í febrúar 2022 en að Pútín forseti hafi synjað þeirri beiðni – og þar við situr.

Frá því í júlí 2024 hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti þrisvar sinnum – úr 16% í lok júlí í 21% í október. Nabíúllína hefur sagt að vextir gætu hækkað enn frekar og raunar var sterkur orðrómur á kreiki nú fyrir jól að vextir myndu þá hækka í 23% en svo varð þó ekki – sennilega vegna pólitíks þrýstings. Þá hefur gengi rússnesku rúblunnar gagnvart Bandaríkjadal fallið um nær fjórðung frá miðju ári og til ársloka 2024.

Um leið hefur seðlabankastjóri mátt þola mikla gagnrýni frá ólígörkum og ýmsum embættismönnum sem telja að tilraunir hennar til að hemja verðbólgu séu að kæfa viðskiptalíf. Þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi hækkað vexti ítrekað virðist það ekki duga til að ná niður verðbólgu. Að sögn rússneskra kaupsýslumanna og hagfræðinga sýnir þetta að það er nánast ómögulegt að halda jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna í rússneska stríðshagkerfinu. Þannig sé til dæmis ekki hægt að samræma stöðugt gengi og markaðshagkerfi annars vegar og gegndarlaus útgjöld í



Árni Þór Sigurðsson
alþjóðastjórn-
málafræðingur og fyrrv. sendiherra í Rússlandi

stríðsrekstur hins vegar, annað hvort verði undan að láta! German Gref, stjórnarformaður *Sberbank* stærsta banka Rússlands og fyrrum efnahags- og viðskiptaráðherra, lýsti því til dæmis yfir í byrjun desember að vaxtastefnan kæmi í veg fyrir að Rússland kæmist inn á braut hagvaxtar á nýjan leik og að nú væru sjáanleg veruleg merki um samdrátt í efnahagslífinu, sérstaklega í húsnaðisbyggingum og fjárfestingum. Til fróðleiks má geta þess að Nabíúllína tók við embætti efnahags- og viðskiptaráðherra af Gref árið 2007 og þau hafa bæði lengi verið talin meðal allra frjálslyndustu forystumanna í rússnesku efnahags- og stjórnmálalífi og andstaða þeirra við innrásina í Úkraínu er þekkt – en í Rússlandi Pútíns fylgir þú annað hvort foringjanum eða fellur út um glugga ella!

Stríðshagkerfið

Sannleikurinn er sá að Vladímír Pútín forseti hefur dælt peningum inn í rússnesku stríðsvélina síðan Rússar réðust inn í Úkraínu í febrúar 2022. Honum er að sjálfsögðu vel ljóst hvaða afleiðingar þessi stefna hefur fyrir efnahag landsins og á árlegum blaðamannafundi sínum nú nýverið viðurkenndi Pútín vandamál bæði með „verðbólgu“ og „einhverja ofhitnun hagkerfisins“ en sagði að „ríkisstjórninni og Seðlabankanum hafi þegar verið falið að hægja á sér.“ Með því móti freista Kremlverjar þess að hafa stjórn á þróun efnahagsmála en reynslan ætti þó að kenna að hagkerfið stjórnast ekki af stjórnvaldsfyrirmælum heldur beinum aðgerðum eða aðgerðaleyfi í ríkisfjármálum og peningamálum. Mikil verðbólga og hækkandi vextir hafa augljóslega skapað mikinn vanda fyrir rússneska hagkerfið. Jafnvel vopnaframleiðendur eiga nú erfitt með að ná endum saman. Á áður nefndum blaðamannafundi sagði Pútín: „Við verjum 6,3 prósentum af vergri landsframleiðslu í að bæta og styrkja varnir okkar [...] Við getum ekki leyft þessum útgjöldum að aukast endalaust.“ Þannig má segja að forsetinn geri sér grein fyrir vandanum og viðurkenni að rússneska hagkerfið leyfir honum ekki að heyja stríð endalaust en hann hefur sjálfur komið landinu í fen stríðsreksturs þar sem það situr fast.

Við þetta bætist svo að það er óvarlegt að treysta opinberum tölum í blindni því tilhneigingin er enn rík að fegra myndina af stöðu mála. Samkvæmt tölum frá rússneskum hagstofum óx hagkerfið um 3,5 prósent bæði á árinu 2023 og 2024 og búist er við að verðbólga nálágist 10 prósentur – sem er langt yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans sem er 4%. Ýmis greiningarfyrirtæki á Vesturlöndum draga upp dekkri mynd af efnahagsþróuninni í Rússlandi, s.s. í nýlegri skýrslu frá *Stockholm School of Economics* sem fullyrðir að rússneska hagkerfið sé líklegast í frjálsum falli.

Vestrænir greinendur kaupa ekki frásögn Rússa sjálfra um að efnahagurinn standi nokkuð vel – þvert á móti gangi illa í næstum öllum hlutum rússneska hagkerfisins. Sumir telja raunar að svo mikið sé svindlað með opinberar hagtölur í Rúss-



Elvíra Nabíúllína

landi að líklega sé staðan enn bágbornari en jafnvel svartsýnar spár geri ráð fyrir. Hin óháða rússneska *Romir* stofnun telur t.d. að verðbólgan í Rússlandi hafi frá stríðsbyrjun aukist úr 6-8% í 20-35% og *Stockholm School of Economics* mælir hana a.m.k. 15%.

Vandi atvinnulífsins – og ríkissjóðs
Flutningskerfið á í miklum vandræðum, nokkuð sem var viðvarandi vandamál á tímum Sovétríkjanna. Það gengur erfiðlega að koma vörum á áfangastaði, hvort sem er inn á almennan markað eða til hernaðar, því það vantar bæði flutningatæki og mannskap. Þann 14. desember gaf hugveitan Tsentr mak-roekonomicheskogo analiza i kratkosrochnogo prognozirovaniya (Miðstöð þjóðhagsgreiningar og skammtímaspár) út skýrslu um heilsufar í bankageiranum í Rússlandi. Hugveitan, sem er trygg Kreml og undir forystu Dmitris Belóúsov, bróður varnarmálaráðherrans, Andrei Belóúsov, skrifar að „vextir á viðskiptalánum hafi hækkað í næstum óhóflegt stig“ og bætir við að „bankakreppa í Rússlandi sé nánast óumflýjanleg.“ Fleiri aðilar innan rússneska kerfisins hafa varað við þróun mála. Í lok október sl. varaði til dæmis hugveita rússneska orkumálaráðuneytisins við hættunni á að allur kolanámuíðnaðurinn yrði gjaldþrota. Árið 2024 hefur iðnaðurinn tapað jafngildi um 50 milljarða króna vegna lækkandi verðs á heimsmarkaði, endurupptöku tolla á rússnesk kol í Kína og hækkanði skatta á járnbrautar-flutninga. Frekari hækkanir á stýrivöxtum gætu drepjið iðnaðinn. Um sama leyti hövttu Samtök rússneskra verslunarmiðstöðva stjórnvöld til að veita niðurgreiðslur vegna vaxtakostnaðar smásölugeirans. Annars gætu meira en 200 verslunarmiðstöðvar (af 2.000) orðið gjaldþrota, samkvæmt að áliti samtak-anna. Þann 10. desember sl. tilkynntu samtök vöruflutningafyrirtækja, *AutoGruzeX*, að arðsemi stórra vöruflutningafyrirtækja verði „mínus 17 prósent“ árið 2024 og að 30 prósent allra vöruflutningafyrirtækja eigi á hættu að þurfa að loka á árinu 2025. Og nú í desember viðurkenndi ráðherra efnahagsþróunar, Mak-sím Reshetnikov, að „óhóflegar takmarkanir á aðgangi að lánsfé gætu leitt til minnkandi fjárfestinga, atvinnu og framleiðslu.“

Fjárlög rússneska ríkisins fyrir árið 2025, sem forsetinn staðfesti í byrjun desember, gera ráð fyrir að útgjöld til varnarmála nemi nærri 150 milljörðum Bandaríkjadala sem er tæplega 25 prósentu aukning milli ára. Til að standa straum af metháum útgjöldum til varnarmála hafa rússnesk yfirvöld neyðst til að skera niður fjárveitingar til félags- og velferðarmála. Tekjur ríkisins af olíu og gasi, sem nema milli 25-30% af heildartekjum, munu dragast saman á næstu árum, einkum vegna minni skatt-greiðslna olíufyrirtækjanna en einnig vegna samdráttar í olíu- og gasútflutningi.

Þrot eða þrautseigja?

Það ber því flest að sama brunni. Gjaldþrot blasa við fjölda fyrirtækja í hinum ýmsu geirum atvinnulífsins og þar með mun atvinnuleysi aukast umtalsvert á nýhöfnu ári. Fjöldauppsagnir eru reyndar þegar hafnar í upplýsingateknigeiranum, hjá fjarskiptafyrirtækjum og bönkum. Hergagnaframleiðslan á einnig í miklum vanda. Ríkið stendur ekki við samninga um greiðslur og fyrirtækin lenda þar með í vanskilum og sum þeirra eru í reynd gjaldþrota þótt þeim sé haldið gangandi með handaflí.

Því er nærtæk spurning hvort Rússland sé að nálgast hrunpunkt eins varð Sovétríkjun-um að falli árið 1991. Sumir stjórnmála- og efnahagsgreinendur á Vesturlöndum telja að svo sé. Hér verður því þó haldið fram að viðnámsþróttur rússneska efnahagskerfisins og ekki síst stjórnmála og samfélags sé enn svo mikill að Kreml muni takast um talsvert skeið að halda aflvélum samfélags og efna-hags gangandi, þrátt fyrir að stríðsreksturinn dragist á langinn og sjúgi þrótt úr óðlilegu efnahags- og atvinnulífi. Hins vegar getur vöxtur sem á rætur að rekja til hernaðar ekki verið sjálfbær til lengri tíma litið. Augljóslega blasa miklar efnahagsþrengingar við Rúss-landi og rússneskum almenningi en hrun er varla í kortunum eins og sakir standa – þó getur árið 2025 orðið afdrifaríkt. ☹

Greinin birtist fyrst í Vísbendingu 31. janúar 2025 / 4. tbl. 43. árg.

Vatnaskil í varnarmálum

Erlingur Erlingsson
hernaðarsagnfræðingur



Við blasir að umpólun er að eiga sér stað í öryggismálum heimsins og að áhrifa þessa mun gæta hér á landi sem annars staðar. Þungamiðja heimsviðskipta og öryggismála heldur áfram að flytjast til A-Asíu á sama tíma og rísandi Kína getur nú keppt við Bandarík-in á efnahagslegum og, í vaxandi mæli, hernaðarlegum grundvelli. Samfara þessari landfræðipólítísku (e. *geopolitical*) breytingu, reka Rússar landvinningastríð í Evrópu og í kjölfar valdaskipta í Banda-ríkjunum er sjálft Atlantshafssamstarfið í hættu. Þannig byggir utanríkisstefna nýs Bandaríkjaforseta á 19. aldar valdapólítík þar sem stórveldi fara sínu fram í krafti efnahags- og hernaðarmáttar óháð al-þjóðalögum og án tillits til sameiginlegra hagsmuna hefðbundinna bandamanna.

Þessi fyrirsjáanlega stefnubreyting birtist kröftuglega í stefnu Bandaríkj-anna gagnvart Úkraínu. Bandaríkjafor-seti hefur gefið Rússum eftir sín helstu samningsmarkmið án þess að krefjast nokkurs og beitir Úkraínu þrýstingi til þess að semja án þess að bjóða öryggis-tryggingar sem nauðsynlegar eru til þess að samningar haldi. Samfara þessu hafa bandarísk stjórnvöld dregið varnarskuld-bindingu sína í Evrópu í efa og tekið afstöðu með hægriöfgaflokkum í álfunni. Líkur á átökum Evrópuríkja við Rússa fara því mjög vaxandi og Evrópuríki þurfa að stórefla eigin varnir auk þess að styðja Úkraínu í varnarbaráttu sinni. Í raun hafa Rússar um marga ára skeið rekið óhefðbundinn hernað gegn Evrópu sem felst í skemmdarverkum, mannvígum og kosningaíhlutun.

Þetta eru váleg tíðindi, ekki síst fyrir Eystrasaltsríkin, en varnir þeirra byggja á langmestu leyti á fælingu sem felst í skuldbindingu Bandaríkjanna til þess að verja NATO ríki, bæði með hefðbundn-um vopnum og kjarnavopnum. Þessi þróun er einnig sérstaklega alvarleg fyrir Ísland, enda hornsteinar varna lands-ins Varnarsamningurinn og aðildin að Atlantshafsbandalaginu. Án efa munu Bandaríkin ekki þola að strategískur keppinautur nái yfirráðum yfir Íslandi. En líklegt er að ef ógn stafar að Íslandi muni aðgerðir fyrst og fremst miða að því að koma í veg fyrir slík yfirráð og að tryggja Bandaríkjaher áframhaldandi umsvif hérlendis, en að þar sé almanna-öryggi okkar og varnir borgaralegra innviða ekki á forgangslista.

Í nýjum stjórnersáttmála kemur fram að mótuð verði öryggis- og varnarmála-stefna að undangenginni skýrslugerð innan stjórnnarráðsins um íslensk varnar- og öryggismál. Eðlilegt væri að nýtt áhættumat fyrir Ísland yrði unnið sam-fara þeirri vinnu, enda var síðast unnið íslenskt áhættumat árið 2009. Hér ber að geta þess að Ísland rekur ekki leyni-þjónustu og hefur þar með takmarkaða getu til þess að greina ógnir og skiptast á upplýsingum við slíkar stofnanir banda-lagsríkja okkar. Það þýðir að geta okkar til hættumats á hverjum tíma er mjög takmörkuð og því er áriðandi að skoða með hvaða hætti mætti koma upp slíkri getu innan stjórnsýslunnar.

Eins og fram kemur í samantekt síð-ustu ríkisstjórnar um varnarmál, hefur mikið verk verið unnið innan stjórnsýsl-unnar til þess að efla samráð ráðuneyta og stofnana í málaflokknum og framlög hafa verið aukin. Einnig hefur samstarf í málaflokknum við Norðurlöndin og **NB8** ríkin farið mjög vaxandi, sem og samráð



▲ Norsk F35 herpota í rammgerðu flugskýli á Keflavíkurflugvelli í febrúar 2024.

Mynd: Eyþór Árnason / AFP

okkar við Norðurhópinn (Northern Group), auk þátttöku okkar í Sameigin-legu viðbragðssveitinni (JEF).

Samt sem áður eru framlög okkar til eigin varna vart mælanleg í saman-burði við önnur NATO-ríki. Líklegt er að bandalagsríki sem hafa skuldbundið sig til þess að verja hvort annað líti það ekki jákvæðum augum að á sama tíma og þau þurfa að rífa seglin í mikilvægum mála-flokkum samhliða aukningu útgjalda til varnarmála, verji Ísland innan við 0,2% af vergri landsframleiðsla til eigin varna, enda hefur utanríkisráðherra sagt að nauðsynlegt sé að auka útgjöld okkar til varnarmála.

Trúverðuga varnarstefnu þyrfti helst að vinna í breiðu samráði innanlands og utan með helstu bandamönnum. Innanlands þyrfti að móta hana í nánu samráði við Alþingi og með aðkomu akademíunnar sem og öðrum hagsmunaaðilum, ekki síst atvinnulífina. Alþjóðlega er æskilegt að ítarlegt samráð eigi sér stað við Norður-löndin, NB8 ríkin, Norðurhópinn, JEF, NATO, og Evrópusambandið. Mikilvægt er að vanda mjög til verks hér og mætti t.d. horfa til þess hvernig Bretar eru að vinna þessa vinnu bæði varðandi innihald, aðferðafræði og tímaramma. Eins er lykilatriði að slík stefnumótun eigi sér reglulega stað.

Hér er „breið sýn á þjóðaröryggi“ mikilvæg eins og fram kemur í Þjóðarör-yggisstefnu Íslands. Fyrir utan hefð-bundna hernaðarlega ógn þarf að meta aðrar ógnir, s.s. gagnvart öryggi innviða, fjarskipta og netkerfa, samgangna, heil-brigðisþjónustu og hvernig tryggja má aðgang að lífsnauðsynjum á ófriðartím-um. Horfa þarf til tækninýjunga sem hafa í för með sér nýjar ógnir, t.d. árásir með langdrægum drónum. Evrópuríki eru að bregðast við þessari nýju ógn með því að efla loftvarnargetu sína sem hefur verið vanrækt til langs tíma. Á Íslandi er sú varnargeta engin að staðaldri.

Hér er um að ræða risastórt og árið-andi verkefni fyrir stjórnsýsluna. Öll þessi vinna myndi miða að því að þróa valkosti varðandi fjárfestingu í íslenskum vörnum. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til þess hvernig sú fjárfesting skili raunverulega auknu öryggi og efli sam-band okkar við bandalagsríki og tryggi öryggisskuldbindingar þeirra gagnvart Íslandi. Markmiðasetning um heildar-

útgjöld ætti þannig að vera í samhengi við hættumat, en ljóst er að um verulega útgjaldaaukningu er að ræða. Eins er lykilatriði að horft sé til þess að aukinn viðbúnaður okkar sé „tvínota“ í þeim skilningi að fjárfestingin nýtist innan-lands á friðartímum, en geti jafnframt verið framlag okkar til sameiginlegra varna NATO.

Þannig gæti stórefld þyrlusveit Landhelgisgæslunnar (LHG) sinnt leit og björgun hérlendis og á hafinu, en jafnframt væri tryggt að hún starfaði samkvæmt stöðlum sem gerði henni kleift að sinna hernaðarlegum björgunar-verkefnum (CSAR – Combat Search and Rescue) í ófriði hérlendis, eða á vettvangi aðgerða bandalagsins. Á sama hátt mætti auka verulega getu LHG til eftirlits innan íslensku efnahagslögsögunnar í því skyni að gæta auðlinda okkar, en jafnframt sinna eftirlitshlutverki í samstarfi við önnur NATO ríki á og í kringum Ísland eða á vettvangi aðgerða bandalagsins.

Jafnframt er áriðandi að reglubundið samráð verði um þessi mál við atvinnulíf-ið, ekki einungis sem varðar með hvaða hætti varnarúrræði tryggji nauðsynlegan rekstur á ófriðartímum, heldur í því skyni að tryggja að fjárfesting í varnar-málum skili sér eins og frekast má inn í íslenska hagkerfið. Miklir möguleikar eru innan einkageirans til þess að byggja upp varnartengda þjónustu eða framleiðslu. *Kerecis* er fyrsti íslenski *einhyrningurinn*, ekki síst vegna viðskiptasamnings við Bandaríkjaher. Fyrirtæki á borð við *Rafnar Maritime*, *Arctic Trucks Polar* og *Teledyne Gavia* eru önnur dæmi um íslenska varnartengda starfsemi og nýsköpun. Íslensk fyrirtæki hafa fjölmörg tækifæri til þess að byggja upp varnartengdan rekstur. Slíkum tækifærum mun án efa fjölga samhliða aukinni fjárfestingu Íslands í eigin vörnum, en ný ríkisstjórn gæti sett sér það markmið að styðja og efla sókn íslenskra fyrirtækja inn á þann markað. Þar mætti horfa til markmiða-setningar bandalagsins frá 2014 um að 20% af útgjöldum til varnarmála skuli verja til kaupa á búnaði, en sú tala inni-heldur einnig fjármagn til rannsókna og þróunar. ☹

Greinin birtist fyrst í Vísbendingu 7. mars 2025 / 9. tbl. 43. árg.



◀ Donald Trump og Vladimir Pútín heilsast á fundi í Helsinki þann 16. júlí 2018.
Mynd: AFP

Pútín, Trump og óvinur númer eitt

Síðustu vikur hafa verið óvenju viðburðaríkar í heimsmálunum en það er er gömul saga og ný að góðir og slæmir leiðtogar geta haft gríðarleg áhrif á gang sögunnar. Nú keppast stjórnmálaskýrendur á Vesturlöndum við að lesa í yfirlýsingar og ákvarðanir Donalds Trumps, Bandaríkjaforseta, og leiðtogar í Evrópu reyna eftir bestu getu að bregðast við augljósri stefnubreytingu Bandaríkjastjórnar en það er hægara sagt en gert þegar átt er við eins rýsjóttan leiðtoga og Trump. Á meðan situr Vladímír Pútín, Rússlandsforseti, í Kreml og hlakkar yfir hverri ákvörðuninni á fætur annarri sem tekin er í Washington.¹

Fyrir sagnfræðing sem hefur rannsakað áróður og hugmyndafræði Sovétríkjanna gagnvart Bandaríkjunum á árunum eftir stríð² er áhugavert að sjá hvernig leiðtogar bæði austan og vestan hafs keppast nú við að endurskoða söguna og laga hana að sínum markmiðum. Bandaríkjaforseti og fólkið í kringum hann virðist hafa gleymt því hvernig alþjóðakerfið sem við höfum í grundvallaratriðum búið við frá endalokum síðari heimsstyrjaldar er tilkomið á meðan að bæði almenningur og leiðtogar í Evrópu eru almennt mjög meðvitaðir um það hvernig kalda stríðið mótaði öryggis- og varnarmál í álfunni. Kannski vegna þess að við urðum mörg vitni að því hvernig fall Sovétríkjanna og endalok kalda stríðsins höfðu áhrif á samfélög okkar en eins og við vitum þá sóttu fjölmargar Evrópuþjóðir það



Rósa Magnúsdóttir
prófessor í sagnfræði

fast að ganga til liðs við bæði Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið, með það að markmiði að halda friði í Evrópu.

Washington og Moskva

Eftir yfirllesturinn sem Volodímír Zelenski, forseti Úkraínu, fékk frá þeim Trump og J.D. Vance, varaforseta Bandaríkjanna, í Hvíta húsinu 28. febrúar síðastliðinn þá hefur orðræða stjórnenda í Kreml einnig tekið mikilvægum breytingum. Tveimur dögum eftir fundinn, sunnudaginn 2. mars, kom Sergey Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, fram í sjónvarpi þar í landi³ og lýsti því m.a. yfir að „á síðastliðnum 500 árum (þegar Vesturlönd voru meira og minna orðin til í þeirri mynd sem þau hafa í dag, auðvitað með einhverjum breytingum) ættu allir harmleikir heimsbyggðarinnar sér rætur í Evrópu eða hefðu átt sér stað út af stefnu og markmiðum Evrópu: nýlendustefna, stríð, krossferðir, Krímstríðin, Napóleon, fyrri heimsstyrjöldin, Hitler. Ef þið horfið til baka á söguna þá hafa Bandaríkjamenn ekki ýtt undir uppreisnir, hvað þá hvatt til þeirra.“ Þetta er gríðarleg breyting frá því sem áður var, þegar Bandaríkin voru óvinur númer eitt, og sýnir vel hvernig stjórnvöld í Moskvu sjá sér hag í framsetningu og framkomu Trumps og Vance gagnvart Úkraínu og Evrópu í heild sinni.

Allt í einu er „Evrópa“ helsta ógn ekki bara Rússlands heldur heimsbyggðarinnar allar og leysir þar með Bandaríkin af hólmi sem helsta andstæðing þeirrar heimsmyndar sem Pútín hefur talað fyrir síðustu tuttugu og fimm árin. Og núna þegar þeir Donald Trump, Bandaríkjaforseti, og Pútín

”
... sýnir vel hvernig stjórnvöld í Moskvu sjá sér hag í framsetningu og framkomu Trumps og Vance gagnvart Úkraínu ...

virðast hafa náð talsambandi og það ríkir sívaxandi ringulreið víða um heiminn út af hvikulum yfirlýsingum Trumps sýnir þessi breyting á orðræðunni um Evrópu sem helsta óvin rússneskrar siðmenningar að Rússar sjá sér greinilega hag í þeirri stefnubreytingu sem virðist vera að eiga sér stað í Bandaríkjunum.

Evrasía og MAGA

Flestir greinendur hafa vanmetið hversu djúpstætt hatur á Bandaríkjunum hefur verið undirliggjandi í hugmyndafræði Pútíns. Í nýrri bók⁴ heldur Marlene Laruelle, prófessor við Geoge Washington University í Bandaríkjunum, því fram að á Vesturlöndum hafi almennt verið horft á hugmyndafræði Pútíns sem ónáttúrulega, órökrétta og fallvalta – hún sé þannig ekki álitin marktæk og hljóti að leiða til einhvers konar hruns í rússnesku samfélagi, sem auðvitað er bara óskhyggja þeirra sem á horfa. Laruelle heldur því fram að þessi sýn á Rússland hafi takmarkað getu okkar til

þess að skilja áfallapol rússneskra stjórnsvalda og hina breiðu skírskotun Pútínisma í rússnesku samfélagi – og víðar. Hún bendir þannig á það að við verðum að taka hugtakaheim Pútíns alvarlega og skilja hvað hann á við þegar hann talar um siðmenningu, þjóðrækni, íhaldssemi og Evrasíu. Til þess að skilja markmið Rússlands í stríðinu við Úkraínu verði að taka Pútín alvarlega og skoða hvernig hann beitir henni í stjórnskipun landsins, sem annars byggir á því að stjórna dreifingu lífsgæða og almenningsálitinu með sívaxandi kúgun og ótta.

Afdrifaríkur fundur

Fundur Trumps og Vance með Zelenski í Hvíta húsinu sýndi svo ekki verður um villst að leiðtogar Bandaríkjanna búa hvorki yfir samkennd né sómakennnd – en til viðbótar þá má kannski halda því fram að einmitt núna séu greinendur í Evrópu fastir í sama greiningarvandanum gagnvart Bandaríkjunum og margir hafa lengi verið gagnvart Rússlandi. Evrópuríki hafa gengið út frá því að hugmyndafræði Bandaríkjanna samræmist þeirra eigin; þau hafa treyst á að fimmta grein sáttmála Atlantshafsbandalagsins væri bindandi og hafa ekki tekið hugtakaheim MAGA hreyfingarinnar nógu alvarlega, þar sem meðal annars er talað fyrir því að Bandaríkin setji sig og markmið sín í forgang, bæði heima fyrir og í samskiptum sínum við önnur ríki.

Samhljómur milli hugmyndafræðilegrar orðræðu Pútíns og Trumps hefur verið að gerjast í þó nokkurn tíma – þeir hafa t.d. báðir beitt sér fyrir einhvers konar sýn á „hefðbundin fjölskyldugildi“ og gengið alvarlega á mannréttindi og tilverurétt kynsegin og hinsegin fólks í heimalöndum sínum. Þeir tala því báðir að einhverju leyti til sömu afturhaldssömu hópanna út um allan heim og angar þeirra ná víða. En eftir stendur, að alveg eins og á hápunkti kalda stríðsins milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, skiptir framsetning, misskilningur og rangtúlkun á bæði aðstæðum og orðræðu oft gríðarlega miklu máli og við verðum að skilja að heimssýn leiðtoganna í bæði Moskvu og Washington byggir á raunverulegum skilningi þeirra á því hvernig hagsmunum landa þeirra er best borgið og því verður að taka hugmyndafræðilegan áróður þeirra alvarlega – í nútíð og fortíð. ✎

Greinin birtist fyrst í Vísbendingu 14. mars 2025 / 10. tbl. 43. árg.

Tilvísanir

- <https://www.nytimes.com/2025/03/08/us/politics/trump-putin-russia.html>
- <https://global.oup.com/academic/product/enemy-number-one-9780197609897>
- https://mid.ru/en/foreign_policy/news/2000799/ & https://mid.ru/en/press_service/video/view/2000799/
- <https://www.sup.org/books/politics/ideology-and-meaning-making-under-putin-regime>

Nældu þér í áskrift

Vísbending fjallar um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun og hefur komið út óslitið síðan árið 1983. Þar birtast greinar eftir marga af færustu sérfræðinga landsins á aðgengilegu máli.

→ visbending.is/askrift

